



Viðtakandi

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 23.5.2024 varðandi eftirfarandi mál:

MAR - Samþykkt öldungaráðs um samræmda upplýsingagjöf til eldra fólks um heilsueflingu og afþreyingu á vegum Reykjavíkurborgar - til afgreiðslu

Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 8. maí 2024, sbr. samþykkt öldungaráðs frá 8. maí 2024 á tillögu um samræmda upplýsingagjöf til eldra fólks um heilsueflingu og afþreyingu á vegum Reykjavíkurborgar, ásamt fylgiskjöllum.

Samþykkt.

Vísað til meðferðar menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Þessi tillaga ætti varla að vefjast fyrir ráðamönnum enda sambærileg tillaga víða að finna annars staðar. Grunnur er til staðar sem hægt er að byggja á fristund.is sem birtir ýmsar mikilvægar upplýsingar. Um er að ræða tillögu öldungaráðs um samræmda upplýsingagjöf til eldra fólks um heilsueflingu og afþreyingu á vegum Reykjavíkurborgar þvert á svið þar sem finna má allar upplýsingar um ólíka þjónustu fyrir eldra fólk innan allra borgarhluta í rauntíma. Við lestur umsagnar finnst fulltrúa Flokks fólksins verið að gera einfaldan hlut of flókinn og óttast að nú eigi að fara af stað eina ferðina enn með þróunar-, uppgötvunar- og tilraunafasa á lausn sem víða er farin að virka annars staðar. Flokkur fólksins vonar innilega að nú eigi ekki að fara að finna upp hjólið heldur skuli samnýta það sem til er og leita til þeirra sem eru komnir með sambærilegt. Þarfnar eru þær sömu hvort sem um er að ræða Reykjavík eða Akranes ef því er að skipta. Ekki er trúverðugt að það sem stendur í umsögninni eigi að vera tilbúið eftir 2 mánuði, alla vega ekki ef marka má fyrri reynslu af þessum málum.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Afrit: